

Nd.

193. Tillaga

til þál. um ríkisábyrgð fyrir rekstrarláni handa samvinnufélagi Flateyjar í Flatey.

Flm.: Bergur Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir „samvinnufélag Flateyjar“ í Flatey á Breiðafirði allt að 10000 kr. rekstrarlán, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

Greinargerð.

„Samvinnufélag Flateyjar“ í Flatey á Breiðafirði er stofnað 1932 og hefir því starfað í 2 ár. Það hefir keypt vélskip, 37 smál. að stærð, og haldið því úti á handfæraveiðum 2 undanfarin sumur, til þess að auka atvinnu í kaптúninu og peningumferð, því atvinna hefir verið þar mjög stopul og verzlunin eingöngu vöruskiptaverzlun. Félagið á mjög erfitt uppdráttar, sérstaklega vegna vöntunar á rekstrarfé, en mun geta fengið fast rekstrarlán hjá Landsbanka Íslands, ef það fengi ríkisábyrgð. Virðist sjálfgefið, að Alþingi verði við þessari smávægilegu beiðni félagsins.

Nánar í framsögu.